



Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr.109 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, mánudaginn 13.apríl 2015 klukkan 15:00.

Mættir eru nefndarmenn: Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Davíð Andri Agnarsson, Gísli Kjartansson varamaður fyrir Pál Jónsson og Vigfús Þór Hróbjartsson fulltrúi skipulags –og byggingarmála.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Orustustaðir – Deiliskipulag

Lagt er fram deiliskipulag að Orustustöðum í Skaftárhreppi til samþykktar eftir auglýsingu samkv. 3.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Deiliskipulagstillaga vegna Orustustaða var auglýst frá 18.desember 2014 til og með 9.febrúar 2015. Athugasemdir og umsagnir bárust frá landeigendum aðliggjandi jarða, hagsmunaaðilum og opinberum stofnunum vegna tillögunnar. Þeim er svarað að hálfu sveitarfélagsins innan greinargerðar tillögunnar. Skipulagsnefnd mælist til þess að tillagan verði samþykkt í sveitarstjórn og send til yfirferðar Skipulagsstofnunnar fyrir auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda skv. 42.gr.skipulagslaga nr.123/2010

2. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Kirkjubæjarklaustri.

Lagt er fyrir nefndina tillaga að aðalskipulagsbreytingu á þéttbýlisuppdrætti gildandi aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022.

Frestað. Nefndin leggur til að mörk skipulagsins verði stækkað til suður og svæði sunnan Skaftár í landi Hæðargarðs verði skipulagt. Lagt fram á næsta fundi nefndarinnar.

Byggingarmál:

3. Tjaldsvæði – Lóð 222454

Benedikt Lárusson sækir um leyfi til að setja niður eitt 11,9 m² og annað 13,6 m² gestahús í tengslum við rekstur tjaldsvæðis Kirkjubæ 2 sbr. meðfylgjandi uppdráttum. *Samþykkt með fyrirvara um að deiliskipulag vegna svæðisins verði klárað samhliða breytingum á aðalskipulagi Skaftárhrepps.*

Önnur mál:

4. Orustustaðir – Framkvæmdaleyfi

Lögð er fram umsókn eiganda Orustustaða um leyfi fyrir veglagningu eftir núverandi vegslóða frá Þjóðvegi 1 vestan Orustuhóls að jörðinni og að hinu gamla bæjarstæði Orustustaða.

Nefndin gefur eiganda Orustustaða fulla heimild til framkvæmda við veglagningar í landi Orustustaða sbr. Bókun nefndarinnar frá 8.maí 2014. Nefnin gerir ekki athugasemdir við að vegslóði að landi Orustustaða frá Þjóðvegi 1 verði lagfærður í samráði við landeigendur Foss, Hraunbóls og Sléttabóls með það að leiðarljósi að bæta núverandi aðgengi að jörðinni Orustustöðum. Að öðru leiti er vísað til veglínu sem skilgreind er í deiliskiuplagi samþykkt í lið 1.

5. Teygingarlækur – Fiskeldi

Eiríkur Vignir Pálsson fh. Klausturbleikju sækir um framkvæmdaleyfi vegna staðsetningar/stækkunar á fiskeldi Klausturbleikju Teygingarlæk. Stækkun felst í að fyrirhugað er að auka mögulega framleiðslugetu stövarinnar með fjórum opnum fiskeldiskerjum sambærilegum og fyrir eru. Staðsetning kerjanna er sýnd á meðfylgjandi uppdrætti. Kerin tengjast núverandi kerfum stöðvarinnar.

Í gildi er deiliskipulag fyrir fiskeldi við Teygingarlæk, viðkomandi ker rúmast ekki innan þess skipulags. Nefnin gerir þó ekki athugasemd við framkvæmdaleyfi verði veitt vegna þessa en mælist þó til þess að núgildandi skipulag verði uppfært m.t.t. þess og lagt fyrir næsta fund nefndarinnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl 17:28